

Hverfisráð Hríseyjar

149. fundur

Miðvikudaginn 5. janúar 2022 kl. 20:30 var haldinn 149. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Ólafur Búi Ólafsson.

Dagskrá:

1. Framkvæmdafé

Á síðasta ári var m.a. gengið frá kaupum á grillum til að setja í grillhúsið ásamt fleiri leiktækjum fyrir hátíðarsvæðið, sandkassa og rólum. Uppsetning fer fram næsta vor. Næstu verkefni telur hverfisráð vera áframhaldandi uppbygging hátíðarsvæðisins m.a. með lagningu göngustíga. Hverfisráð mun leggja áherslu á að skipuleggja vinnuna tímanlega í samráði við umhverfis- og mannvirkjasvið.

2. Cittaslow

Áframhaldandi vinna varðandi Cittaslow rædd og skipulögð. Stefnt er að því að halda íbúafund þegar nær dregur vori.

3. Markaðssetning á búsetu í Hrísey

Vinnan rædd og skipulögð. Áætlað að senda út íbúakönnun fljótlega.

4. Tímabundin lokun Norðurvegjar framán við Hríseyjarbúðina sumarið 2022

Á 145. fundi óskaði hverfisráð eftir tímabundinni lokun framán við Hríseyjarbúðina fyrir sumarið 2021 frá 17. júní til 8. ágúst. Skipulagssvið samþykki tímabundna lokun frá 8. - 12. júlí. Viljum við nú með góðum fyrirvara hefja viðræður um tímabundna lokun fyrir sumarið 2022 yfir lengra tímabil og óskum eftir vilyrði bæjarráðs og fundi með skipulagssviði og umhverfis- og mannvirkjasviði í kjölfarið.

5. Önnur mál

- a. Hverfisráð áætlað að halda aðalfund í maí.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:30

Ingólfur Sigfússon
Júlía Mist Almarsdóttir
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon